

Nd.

43. Tillaga

til þingsályktunar um kolarannsókn og kolavinslu.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Alþingi ályktar:

1. Að skora á stjórnina að fá þegar til áreiðanlega sjerfræðinga að rannsaka kolafundi í nánd við sjó, gæði kolanna, vinsluskilyrði og flutninga.
2. Að heimila stjórninni að vinna kol á kostnað landssjóðs svá fremi þessar rannsóknir sýni, að það sje tiltækilegt.

Ástæður.

Kolaverslun hefir nú reynst oss svo erfið og affaraill um stund, að einsætt sýnist að vinda sem bráðastan bug að því að nota það eldsneyti, sem til er í landinu. Væri það ilt að vita, ef vjer tækim afarkosti af erlendum þjóðum sakir kolaskorts, en ættim þó gnægð þeirra í fjöllum vorum.